



Reykjavík 12. ágúst 2022

Efni: Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um áform stjórnvalda um lagasetningu til breytinga á lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, varðandi hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsmanna ríkisins í 75 ár.

Það er óumdeilt að það er mönnunarvandi í heilbrigðiskerfinu. Stjórnvöld telja að hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsfólks sé liður í því að mæta þeim vanda. Sjúkraliðafélag Íslands telur hins vegar að þessi lausn dugi skammt.

Það þarf að ráðast á rót vandans. Við erum enn að útskrifa of fáa nemendur úr heilbrigðisvísindum. Við erum enn að missa of marga úr heilbrigðiskerfinu sem þó hafa menntað sig í heilbrigðisnámi. Um helmingur nýútskrifaðra sjúkraliða starfa við annað en fagið. Starfsmannavelta er enn of há en t.d. innan Landspítalans er starfsmannavelta sjúkraliða 63% hærri en hjá hjúkrunarfræðingum sömu stofnunar.

Stjórnvöld geta ekki komist hjá því að bæta kjör, aðstæður og aðbúnað hjá heilbrigðisstarfsfólki. Það er bleiki fillinn í stofnunni.

Þegar kemur að hugsanlegri hækkun starfsaldurs hjá sjúkraliðum þá hefur Sjúkraliðafélag Íslands í raun barist fyrir hinu gagnstæða. Það er að sjúkraliðar geti hafið lífeyristöku fyrr en nú er gert, án skerðingar á lífeyri. Það er ekki síst rökstutt með þeim rökum að starf sjúkraliða er afskaplega krefjandi og slítandi.

Samkvæmt nýrri könnun félagsins glímur um þriðjungur sjúkraliða við alvarlega eða miðlungskulnun í starfi og um 70% sjúkraliða upplifa streitu í vinnunni. Sjúkraliðar á Landspítalanum mælast með meira álag og streitu en á öðrum vinnustöðum.

Samkvæmt Forbes tímaritinu er hjúkrun og störf sem sjúkraliðar stunda eitt hið hættulegasta í heimi. Erfiðleikastig starfsins er óneitanlega hátt. Þegar vanbúnaður og fjárskortur stofnana bætist ofan á það þá er augljóst að eitthvað getur gefið eftir.

Sé hins vegar hámarksaldur heilbrigðisstétta hækkaður með þeim hætti sem hér er lagt til þarf að huga að mörgu. Ekki síst þarf að huga að lífeyrisréttindum og starfsaðstæðum þessa fólks. Þá þarf einnig að huga sérstaklega að á hvaða kjörum þetta aldraða starfsfólk muni starfa eftir.

Í álverum landsins býðst starfsmönnum sem unnið hafa í að lágmarki 10 eða 15 ár hjá fyrirtækinu að hefja snemmtöku lífeyris við 65 eða 67 ára aldur, en fyrirtækið greiðir af þeim í lífeyrissjóð til 70 ára aldurs til að tryggja þeim fullan lífeyrir.



Í Danmörku hefur sérstaklega verið komið til móts við erfiðisvinnufólk þegar kemur til hækkunar lífeyristökualdurs, til dæmis með sérstökum ívilnunum í almannatryggingum (förtidspension).

Það getur verið að einhverjir sjúkraliðar kjósi að vinna lengur en til 70 ára og mun Sjúkraliðafélag Íslands að sjálfsögðu ekki leggjast gegn því, en leggja áherslu á að ef til þess kemur þá fylgi því ákveðnar ívilnanir. Mjög mikilvægt er að sjúkraliðar geti haft sveigjanleg starfslok án þess að það skerði lífeyrisgreiðslur þeirra.

En mönnunarvandinn í heilbrigðiskerfinu verður ekki leystur með eldri borgurum að sinna öðrum eldri borgurum.

Sjúkraliðafélag Íslands leggur mikla áherslu að ræða frekar þessi mál við stjórnvöld, hvort sem það er heilbrigðisráðuneytið eða Alþingi.

Virðingarfyllt,

Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélag Íslands